

Fundargerð 11. fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags, 23. júní 2017 kl. 13:00.

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Sara Stefánsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir og Elías Pétursson, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Sögukerfið

Fram koma að svokallað sögukerfi er nú komið upp í tölvu heimilisins, kerfið er tengt kerfi HSN. Í kerfinu er skráning á allri sjúkrasögu hvers og eins heimilismanns. Uppsetning kerfisins hefur í för með sér mikla bót á vinnuástöðu og hagræði hvað varðar alla vinnu. Kostnaður samanstendur af upphafskostnaði að fjárhæð kr. 433.752 og kr. 9.640 í fasta greiðslu á mánuði. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju með hið nýja kerfi.

2. Brunakerfi

NAUST var með brunaæfingu 29. apríl sem gekk vel og höfðu allir mjög gott af henni, bæði starfsfólk og íbúar. Hjúkrunarforstjóri fór yfir úrbætur sem gera þarf á brunakerfi heimilisins. Úrbætur fela í sér að hólfa þarf heimilið niður í fleiri brunahólf. Áætlaður kostnaður við er 460 þúsund. Samþykkt var að fara í umræddar úrbætur.

3. Hvíldarinnlagnir

Hjúkrunarforstjóri fór yfir nýtingu og þörf á hvíldarýmum. 4 einstaklingar hafa komið í hvíldarinnlagnir á heimilið undanfarna 2 mánuði. Um leið og nefndarmenn áréttuðu þörf á að stöðug nýting væri ætíð góð þá fögnuðu þeir því að fólk nýtti laus pláss í hvíldarinnlagnir.

4. Hjúkrunarþörf í náinni framtíð

Fyrirséð er að þörf einstaklinga út í bæ fyrir hjúkrunarrými er að aukast. Hjúkrunarþörf innan heimilisins er að aukast og merkja má aukið andlegt álag á starfsfólk og mikla þreytu eftir vaktir. Nefndarmenn ræddu möguleika til úrbóta.

5. Endurnýjun innanstokksmuna

Keypt hafa verið ný rúm og náttborð, nú er öll neðrihæðin með góðum og ásættanlegum rúmum. Þörf er á að kaupa svokallaða loftdýnu sem er tölvusstýrð dýna



Langanesbyggð

sem minnkar líkur á legusárum. Kostnaður við þá umrædda dýnu er 850 þúsund án vsk.

Fram fóru umræður og kom nefndarmönnum saman um að leitast verði við að finna svigrúm til kaupa á þessháttar dýnu.

6. Starfsmannahald

Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri fóru yfir ýmis starfsmannamál. Starfsmannamál hafa verið í góðu horfi og starfsandi á vinnustað allur með ágætum.

7. Rekstur fyrstu fjóra mánuði 2017

Rekstur fyrstu fjóra mánuði ársins hefur gengið ágætlega og er rekstrarniðurstaða ríflega ellefuhundruð þúsundum betri en áætlun gerði ráð fyrir. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju með gott utan umhald á rekstri.

8. Önnur mál

- Ákveðið var að trúnaðarmaður starfsmanna yrði boðaður á næsta fund stjórnar
- Rætt var um þörf á kaupum á þvottavél

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10